

From: Steinar Berg [<mailto:steinar@fossatun.is>]

Sent: 18. apríl 2016 09:27

To: Ögmundur Jónasson <ogmundur@althingi.is>

Cc: Birgir Ármannsson <birgir@althingi.is>; Birgitta Jónsdóttir <birgittaj@althingi.is>; Árni Páll Árnason <arnipall@althingi.is>; Brynjar Þór Níelsson <brynjarn@althingi.is>; Helgi Hjörvar <helgih@althingi.is>; hoskuldurh@althingi.is; Elsa Lára Arnardóttir <elsalara@althingi.is>; Willum Þór Þórsson <willumthor@althingi.is>

Subject: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll Ögmundur.

Ég skrifa þetta bréf til þín sem formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og sendi jafnframt afrit til annara nefndarmanna.

Undirritaður hefur gert athugasemdir við lagasetningu sem gerð var á lax- og silungsveiðilögunum nr. 61/2006 á síðasta þingi, þingskjal 591 – 514. mál, í blaðgreinum og auk þess sent þingflokksformönnum beiðni um endurskoðun þessarar lagasetningar.

<http://www.althingi.is/altext/144/s/0891.html>

Hvað er til ráða ef lagasetning reynist ekki nægilega vönduð og þjónkun við sérhagsmuni sem gengur á móti almennum hagsmunum og grundvallarréttindum sem t.d. eru tryggð í stjórnarskránni? Í miðjum slíkum vangaveltum var mér bent að hafa samband við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Það er álit mitt að undirbúningur og lagasetning laga nr. 50 frá 2015 sé annmörkum háð og að alþingismenn hafi í raun ekki sett sig inn í málið, heldur reitt sig á leiðsögn nefndarmanna í atvinnuveganefnd sem hinsvegar hafi eftirlátið hagsmunaaðilanum Landsambandi veiðifélaga um of að miðla upplýsingum til sín. Sú miðlun og forvinna sem snéri að nefndarmönnum hafi verið einhliða og byggt á takmörkuðum og röngum forsendum. Þá er það fullkomnlega óeðlilegt, að mínu mati, að fulltrúi dæmnds aðila hafi frumkvæði að lagasetningu og sé falið af ráðuneyti að semja lög sem heimili áframhaldandi starfssemi sína sem Hæstiréttur hefur dæmt ólöglega. Hér í framhaldi tel ég upp nokkur atriði sem virðast auðsæir vankantar og þess eðlis að lögin hafi verið samþykkt á grunvelli ónógrar þekkingar en ekki faglegra vinnubragða eins og kröfur skal gera til um.

- 1. Markmið lagabreytinarinnar er: Að breyta og auka lítillega við núgildandi lög** - segir í samantekt um málið og þau rök helst færð fyrir lagabreytingunni að um síðbúna breytingu sé að ræða, sem hefði komið í veg fyrir að niðurstöðu Hæstaréttar frá 13. Mars 2014 í máli 676/2013 hefði hún verið til staðar. Það er mitt mat að umræddar breytingar séu ekki minniháttar heldur meiriháttar og stangist á við stjórnarskrárákvæði um félagsfrelsi, þess vegna vekur athugasemdin í lið V í athugasemdum við lagafrumvarpið athygli:

“Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Frumvarpið þótti ekki gefa tilefni til að skoðað yrði sérstaklega samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.”

Eðli málsins samkvæmt má halda því fram að samræmi við stjórnarskrá sé lykilatriði þessarar lagabreytingar og vil ég færa fram eftirfarandi röksemdir:

Ef útleiga veiðihússins teldist falla undir “skylda starfsemi” veiðifélags í skilningi e liðar 37. gr. téðra laga myndi slík starfsemi veiðifélags, sem skylduaðild er að, brjóti í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár og þegar af þeim ástæðum sé veiðifélaginu slík starfsemi óheimil. Rétt er að minna á að lágmarksréttindi sem vernduð eru af ákvæðum stjórnarskrár verða ekki afnumin með breytingum á almennum lögum.

Með vísan til 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um félagafrelsi þykir mér ljóst að til að veiðifélagið megi stunda almennan gisti- og veitingarekstur utan veiðitíma eða ráðstafa eign veiðifélagsins til „skyldrar starfsemi” utan veiðitíma, þá þurfi sú starfsemi að vera liður í stjórnarskrárbundnu hlutverki veiðifélagsins. Með öðrum orðum þá þarf veiðifélagið að sýna fram á að almenn gisti- og veitingastarfsemi utan veiðitíma í veiðihúsinu sé veiðifélaginu „nauðsynleg til að félagið geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra”. Slík aðstaða er ekki til staðar og því fellur útleiga veiðihússins utan veiðitíma, ekki til skyldrar starfsemi í skilningi e liðar 37. gr. lax- og silungsveiðilaga eða, að öðrum kosti, ef slík ráðstöfun veiðihússins telst falla undir e lið 37. gr. téðra laga, þá brýtur það lagaákvæði einfaldlega í bága við 74. gr. stjórnarskrár og á því verður þá ekki byggt.

2. Í athugasemdum um nauðsyn og tilefni lagagerðarinnar kemur fram:

„Unnin hefur verið álitserð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga fyrir Landsamband veiðifélaga af Stefáni Má Stefánssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Eyvindi G. Gunnarssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.”

Það sem láist að nefna er að umrædd álitserð var helsta gagn Veiðifélags Grímsár og Tunguár í tilvitnuðu máli 676/2013. Álitserðin var gerð 2011 vegna máls sem útkljáð var fyrir rétti. Það er því villandi að nota álitserðina sem vegvísi fyrir umrædda lagabreytingu, þar sem Hæstiréttur hefur þegar dæmt á móti niðurstöðu álitserðarinnar.

Þá má líka benda á að sé álitserðin lesin í heild þá er hún allt að því mótsagnarkennd við eigin niðurstöðu. Má nefna að neðangreindar tilvitnanir, sem beinlínis eru í andstöðu við forsendur lagasetningarinnar en í samræmi við niðurstöður Hæstaréttar.

„Sem dæmi um þetta má nefna að stjórn veiðifélags samþykkti að veiðihús mætti vera opið að vetrarlagi fyrir veitingarrektur og skemmtihald. Slíkt fengist væntanlega ekki staðist með hliðsjón af tilgangi veiðifélaga og ábyrgðarreglum.

„er að okkar mati varhugavert að fullyrða að veiðifélögum sé heimilt að sinna öðrum verkefnum en lögbundnum, jafnvel þótt félagsmenn séu því samþykkir.“

„Félagsmenn í veiðifélagi verða því ekki skyldaðir að lögum til þátttöku í verkefnum sem ekki eru í nánum efnislegum tengslum við hið lögbundna hlutverk veiðifélags.“

3. Í samantekt um þingmálið segir: **Umsagnir voru yfirleitt jákvæðar.**

Aðeins bárust þrjár umsagnir fyrir tilskilinn umsagnarfræst en ein var sótt nokkru eftir að fræsturinn rann út, væntanlega til að styrkja stöðuna. Það er aðeins einn umsagnaraðili sem er afgerandi jákvæður, Landssamband veiðifélaga, sami aðili og hafði frumkvæði að lagabreytingunni, sami aðili og samdi lagabreytinguna fyrir ráðuneytið. Síðbúin álitserð Lögmannafélagsins mælir vissulega með lagagerðinni en er með vangaveltur um hvernig best sé að forðast árekstra við ákvæði stjórnarskrár, sem blasa við. Umsögnin er stutt og getur alls ekki talist veigmikið innlegg til stuðnings lagasetningunni. Umsögn ASÍ er líka stutt og léttvæg og getur alls ekki túlkast sem jákvæð fyrir lagabreytingunni, miklu fremur einhverskonar stuttaralegar vangaveltur um orðalag frekar en efnisinnihald. Lang veigamesta umsögnin kemur frá Veiðifélagi Árnesinga og þar er tekin afgerandi afstaða og varað við lagabreytingunni. Jörundur Gauksson ítrekaði enn sterkar afstöðu sína þegar hann mætti á fund hjá atvinnuveganefnd.

Í því ljósi er svar Jóns Gunnarssonar, formanns atvinnuveganefndar til mín, eiginlega eins og öfugmælavísa, þegar ég spurði hann hvort hann sæi ástæðu til að endurskoða afstöðu sína til lagabreytingarinnar, svarar hann:

“Sá ágreiningur sem þú vitnar til var til umfjöllunar í nefndinni við málsmeðferð hennar á þessu máli og við fengum m.a. Gauk Jörundsson (!) á okkar fund. Eins og þú sérð á nefndaráliti okkar þá ritar öll nefndin undir þá niðurstöðu sem við komumst að. Það var m.ö.o. þverpólitískur stuðningur við þessa niðurstöðu.”

Jón Gunnarsson virðist hvorki hafa skilið það sem Jörundur Gauksson sagði né vitað við hvern hann var að tala. Hvað með hitt nefndarfólkið, setti það sig af alvöru inn í málið eða skyldi það ekki alvarleika umsagnar Jörundar? Meðal þess sem Jörundur hélt fram var:

“Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur brýnt að svara því áður en frumvarpið verður að lögum hvort gisti- og veitingarekstur utan veiðitíma, án samþykkis allra félagsmanna, samræmist því að skylda veiðiréttarhafa til að vera í veiðifélagi. Ekki má leika vafi á því að lagaákvæði sem felur í sér breytingar á tilgangi sérlaga um lax- og silungsveiði og hlutverki veiðifélaga uppfylli þau skilyrði sem undantekning stjórnarskrárinnar frá félagafrelsi byggir á.”

4. Í samantekt um þingmálið segir: **Kostnaður og tekjur: Hefur ekki áhrif á ríkissjóð.**

Þessi fullyrðing er að öllum líkindum röng. Svo virðist sem nefndarmenn hafi ekki verið sér meðvitaðir um hvaða fyrirkomulag var tekið upp þegar Veiðifélag Grímsár og Tunguár hóf útleigu veiðihússins sem sérstakrar rekstareiningar og leiddi til málssóknar okkar ábúenda

í Fossatúni og fyrrnefndrar niðurstöðu í Hæstarétti. Þ.e. aðilinn sem var dæmdur fyrir það sem lagabreytingunni er ætlað að leyfa.

Sala laxveiðileyfa er ekki virðisaukaskattsskyld og því þurfti veiðifélagið að greiða fullan innskatt af því sem tengdist rekstri veiðihússins og félagsins, hafði ekki útskatt til að draga hann frá. En þegar útleiga veiðihússins var gerð að sérstakri rekstareiningu innan veiðifélagsins var tekin upp svokölluð frjáls skráning til virðisaukaskatts fyrir veiðihúsið þó laxveiðileyfin væru eftir sem áður ekki virðisaukaskattsskyld. Þetta tvöfalda fyrirkomulag vegna virðisaukaskattsskráningar leiddi til þess að innskattur umfram útskatt varð verulegur þar sem tekjur vegna útleigu veiðihússins voru aðeins um fjórðungur af rekstrarkostnaði þess. Það má halda því fram að slíkt tvöfalt fyrirkomulag brjóti gegn tilgangi virðisaukaskattslaganna, sem er að innheimta þann mismun sem myndast á útskatti og innskatti. En með tvöföldu kerfi er farið framhjá markmiðinu. Nýbreytni fyrirkomulagsins leiddi til margra milljóna endurgreiðslu virðisaukaskatts til Veiðifélags Grímsár og Tunguár á árabílinu 2003-2009, en undirritaður var á þeim tíma annar af endurskoðendum veiðifélagsins og þekkir vel til rekstursins. Lagabreytingin opnar og festir í sessi þennan möguleika um endurgreiðslu og getur því haft umtalsverð áhrif á tekjur ríkissjóðs ef öll veiðifélög landsins taka upp tvískiptan rekstur hvað uppgjör til virðisaukaskatts varðar. Landssambandi veiðifélaga var fullkunnugt um þessa afleiðingu, enda má lesa um hana í málsskjölum umrædds Hæstarréttardóms, en kynnti hana ekki fyrir atvinnuveganefnd, né gerðu nefndarmenn sér far um öflun upplýsinga hvað þetta varðar.

5. Að lokum vil ég benda á að algerlega vantar skilgreiningu á hvað skyld starfssemi er. Þegar laxveiðileyfi er selt er kaupandi skyldaður til að kaupa fæði og húsnæði af leigutaka laxveiðiarinnar en veiðihúsið lokað öðrum. Þetta rekstarfyrirkomulag á ekkert skylt við almennan gisti og veitingarekstur sem rekinn er á samkeppnisgrundvelli. Gjörólíkar forsendur liggja til grundvallar rekstrinum þó í báðum tilfellum sé verið að selja gistingu og veitingar. Ríkjandi fyrirkomulag hvað sölu veiðileyfa varðar er afleiðing ákveðins skorts á gisti- og veitingamöguleikum á landsbyggðinni sem var til staðar en á ekkert endilega við nútímann hvað þá framtíðina. Hugsanlega væri hægt að auka arðsemi sölu veiðileyfa með því að íþyngja veiðimönnum ekki með skyldukaupum á gistingu og veitingum.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Fer sem sagt fram á að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis svari mér hvort það falli undir nefndina að hafa efnislegt álit á því sem hér er sett fram og ef svo er, hvort ástæða sé til og hvernig megi endurskoða umrædda lagabreytingun á lax- og silungsveiðilögum: mál 514, lög nr. 50/2015. Ef álit nefndarinnar er hinsvegar að lagasetningin sé ekki aðfinnsluverð og standi, þá er ljóst að reyna mun á hana innan skamms, þar sem Veiðifélag Grímsár og Tunguár samþykkti nýverið á aðalfundi sínum að hefja aftur útleigu á veiðihúsi félagsins utan laxveiðitímans með því fyrirkomulagi sem hér hefur verið útskýrt. Þó birtingarmyndin sé ágreiningur okkar ábúenda í Fossatúni við okkar veiðifélag, hefu þetta mál og lagasetningin miklu víðtækari skírskotun. Þannig er alveg ljóst að ef til málssóknar kemur aftur, þá munum við fara fram á að segja okkur úr Veiðifélagi Grímsár og Tunguár, þar sem starfssemi veiðifélaga eftir þessa lagasetningu lúti í meginatriðum samskonar reglum og almenn hlutafélög,

eignarusýsla og meirihlutavald, og uppfylli því ekki lengur þá undantekningu stjórnarskrárinnar sem félagafrelsi byggir á.

Virðingarfyllst

Steinar Berg Ísleifsson
Work: +354 433 5800
Mobile: +354 893 9733
www.fossatun.is

Original Message -----

From: Ögmundur Jónasson

To: [Steinar Berg](mailto:Steinar.Berg@fossatun.is)

Cc: [Birgir Ármannsson](mailto:birgir.arnannsson@althingi.is) ; [Birgitta Jónsdóttir](mailto:birgitta.jonsdottir@althingi.is) ; [Árni Páll Árnason](mailto:arni.pall.arnason@althingi.is) ; [Brynjar Þór Nielsson](mailto:brynjar.por.nielsson@althingi.is) ; [Helgi Hjörvar](mailto:helgi.hjorvar@althingi.is) ; hoskuldurh@althingi.is ; [Elsa Lára Arnardóttir](mailto:elsa.lara.arnardottir@althingi.is) ; [Willum Þór Þórsson](mailto:willum.por.porrson@althingi.is)

Sent: Monday, April 18, 2016 9:47 AM

Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll,
Bréf þitt er mótttekið.
Kv., Ögmundur

From: Steinar Berg [<mailto:steinar@fossatun.is>]

Sent: 3. júní 2016 14:49

To: Ögmundur Jónasson <ogmundur@althingi.is>

Subject: Re: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll Ögmundur. Nú skilst mér að þinghaldi sé lokið og þú verðir ekki í framhaldinu. Mig langaði til að spyrja um afdrif erindis míns. Mun það fá umfjöllun hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd?

Kv.

Steinar Berg Ísleifsson
Sími/tel: +354 433 5800
Mobile: +354 893 9733
e-mail: steinar@fossatun.is
www.fossatun.is

From: Ögmundur Jónasson [<mailto:ogmundur@althingi.is>]

Sent: 4. júní 2016 00:05

To: Steinar Berg <steinar@fossatun.is>

Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Ég er staddur elrendis en kem um helgina. Við munum að sjálfsögðu skoða erindi þitt og verða í sambandi.

Kv.,
Ögmundur

From: Steinar Berg [<mailto:steinar@fossatun.is>]
Sent: 20. september 2016 08:08
To: Ögmundur Jónasson <ogmundur@althingi.is>
Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll Ögmundur. Ég hef aðeins reynt að fylgjast með dagskránni hjá ykkur en ekki séð að erindi okkar hafi verið tekið fyrir. Geng samt út frá því að það sem þú hefur áður sagt, standi.

Það eru nú orðnir fimm mánuðir síðan ég sendi erindið til þín og annara nefndarmanna stjórnskipunar- og eftirlitsnefndarinnar og af praktískum ástæðum væri got að vita hver staðan er, því nú er komið að lokum laxveiðitímans og fyrir liggur að Veiðifélag Grímsár og Tunguár taki ákvörðun um frekari útleigu veiðihússins, á grundvelli þessarar lagabreytingar en í andstöðu við dóm Hæstaréttar. Það liggur því fyrir okkur ábúendum í Fossatúni að fara aftur í mál við veiðifélagið nema að umfjöllun ykkar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd gefi tilefni til annars. Nú, svo er þingstörfum að ljúka og þú og fleiri úr nefndinni að hverfa af þingi. Það væri því þakklátt að vitnesku um hvenær við megum búast við því að þetta mál verði tekið fyrir hjá nefndinni.

Með kveðju,

Steinar Berg Ísleifsson
Work: +354 433 5800
Mobile: +354 893 9733
www.fossatun.is

From: Ögmundur Jónasson [<mailto:ogmundur@althingi.is>]
Sent: miðvikudagur, 21. september 2016 23:38
To: Steinar Berg <steinar@fossatun.is>
Cc: Elín Valdís Þorsteinsdóttir <elinvaldis@althingi.is>; Kristel Finnbogadóttir Flygenring <kristelf@althingi.is>; Birgir Ármannsson <birgir@althingi.is>
Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll,
Við erum að fara yfir málið. Kv., Ögmundur

From: Steinar Berg Ísleifsson [<mailto:steinar@fossatun.is>]
Sent: 12. október 2016 20:56
To: Ögmundur Jónasson <ogmundur@althingi.is>
Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll enn og aftur Ögmundur.

Það er fundur í Borgarnesi annað kvöld með ferðapjónustuaðilum, þingmönnum og íbúum svæðisins og mig myndi langa til að vekja athygli á þessu máli. Ef niðurstaða liggur fyrir þætti mér vænt um að fá vitneskju þar um.

Ég bið þig að virða þennan eftirrekstur við mig. En málið er okkur hjónum hér í Fossatúni mikilvægt og við erum spennt að vita hver niðurstaða umfjöllunar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er. Hvort þessi lagasetning og verklagið sem haft var við setningu þeirra stenst að mati nefndarinnar eða ekki?

Kveðja,

Steinar Berg

From: Ögmundur Jónasson [<mailto:ogmundur@althingi.is>]
Sent: miðvikudagur, 12. október 2016 22:31
To: Steinar Berg Ísleifsson <steinar@fossatun.is>
Cc: Birgir Ármannsson <birgir@althingi.is>; Kristel Finnbogadóttir Flygenring <kristelf@althingi.is>; Elín Valdís Þorsteinsdóttir <elinvaldis@althingi.is>
Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll Steinar Berg

Það er ég sem á að biðjast afsökunar en ekki þú, því dregist hefur að svara þér. Því miður verður svarið á þá leið að málið snúist um sjálfa löggjöfina en úrskurð um réttmæti hennar er ekki á okkar forræði að kveða uppúr um og á þeirri forsendu ákvað nefndin að vísa erindinu til ráðuneytis til frekari skoðunar. Þú munt fá svar þessa efnis á morgun í tölvupósti og undirritað af minni hálfu á mánudag. Ástæðan er sú að ég er staddur á þingi Evrópuráðsins í Strasburg þessa viku og kem ekki heim fyrr en á helginni. Ástæða þess að við svörum seint er sú að mjög mikill málafjöldi hefur verið á okkar vinnuborði og við illa annað af þeim ástæðun að bregðast eins skjótt við erindum og við helst hefðum viljað. Ég bið þig því að virða það við okkur hve seint svar okkar berst. Ég sendi þetta bréf mitt einnig á nefndarritara og varaformann nefndarinnar til upplýsingar.

Með bestu kveðju,
Ögmundur Jónasson

From: Steinar Berg Ísleifsson [<mailto:steinar@fossatun.is>]
Sent: 12. október 2016 23:08
To: Ögmundur Jónasson <ogmundur@althingi.is>
Subject: RE: Erindi vegna lagasetningar nr.50/2015 - þingskjal 591 - 514. mál

Sæll og takk fyrir svarið. Ég átti svo sem von á einhverjum tæknilegum útúrslúningi eins og raunin virðist vera, enda greiddi meirihluti nefndarinnar atkvæði með umræddum lögum.

Hefði ekki verið nær að vísa þessu til Óðins í Eirnarsnesi, fyrrum formanns Laxveiðisambandsins, sem samdi lögin fyrir ráðuneytið? Eða verður það hlutverk ráðuneytisins að gera það og fullkomna hringinn?

Kv.

Steinar

Móttakið. Kv. Ögmundur